

## **Fundargerð**

Árið 2022, þriðjudaginn 1. nóvember kl. 10:00, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í byggingu CEMR að Meeûs torgi í Brussel.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Karen E. Halldórsdóttir, Margrét Þórarinsdóttir og Stefán Vagn Stefánsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Árna Sverri Hafsteinssyni, Gústav Aroni Gústavssyni, og Ragnari Ágústi Róbertssyni, sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

### **1. Fundargerð síðasta fundar**

Lögð var fram til samþykktar fundargerð ráðgjafarnefndar frá 12. október 2022.

*Fundargerð frá 12. október var samþykkt án athugasemda.*

### **2. Sameining sveitarfélaga**

#### **Húnabyggð**

Lagt var fram til umfjöllunar minnisblað starfsmanna Jöfnunarsjóðs, dags. 26. október 2022, um framlag vegna sameiningar sveitarfélaga til Húnabyggðar, þar sem óskað er eftir að tekið verði tillit til rekstrar og skulda Brunavarna Austur-Húnavatnssýslu bs. við útreikninga skuldajöfnunarframlaga vegna sameiningar Blönduósbæjar og Húnavatnshrepps.

Núverandi skuldajöfnunarframlag er samtals 400 m.kr. hjá Blönduósbæ og Húnavatnshreppi miðað við ársreikninga 2021. Þegar búið er að taka tillit til Brunavarna A-Hún í A-hluta þá hækkar skuldajöfnunarframlagið um 45 m.kr. og verður samtals 445 m.kr.

*Að umfjöllun lokinni ákvað nefndin að samþykkja beiðni Húnabyggðar um að taka tillit til rekstrar Brunavarna Austur-Húnavatnssýslu bs. við útreikning skuldajöfnunarframlaga vegna sameiningar Blönduósbæjar og Húnavatnshrepps.*

### Framlög vegna sameininga

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að greiðsluáætlun fyrir framlög vegna sameininga fyrir árin 2022 – 2028. Gert er ráð fyrir að greitt verði 21% af framlagi til hvers sveitarfélags fyrstu tvö árin, 15% tvö ár þar á eftir, 10% tvö árin þar á eftir, og svo verði lokagreiðslan þau 8% af framlagi hvers sveitarfélags sem eftir standa árið 2028.

*Að umfjöllun lokinni ákvað nefndin að samþykkja greiðsluáætlun fyrir framlög vegna sameininga sveitarfélaga.*

## YFIRFÆRSLA MÁLEFNI FATLAÐS FÓLKS

### 3. Almenn framlög vegna fatlaðs fólks

Lagt var fram til kynningar minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 28. október 2022, um mögulegar breytingar á fyrirkomulagi við útreikning framlaga vegna málefna fatlaðs fólks.

Breytingartillögurnar voru þrjár:

#### **A. Að greitt verði með fullorðnum einstaklingum án SIS mats líkt og þeir væru í 5. flokki.**

Í kerfinu í dag er greitt með 1.460 einstaklingum, þar af eru 1.213 með SIS mat og 247 án SIS mats. Af þeim 247 einstaklingum sem eru án SIS mats eru 130 fullorðnir (fæddir 2004 og fyrr) og 117 börn. Þar sem um einstaklinga án SIS mats gildir að horft er til uppgefins kostnaðar þjónustu við ákvörðun framlags myndast hvati í kerfinu til að halda einstaklingum með háan kostnað utan SIS mats. Með því að greiða með fullorðnum einstaklingum án SIS mats líkt og þeir séu í 5. flokki SIS mats myndast hvati til að einstaklingar fái SIS mat, sem aftur ætti að leiða til réttlátrar skiptingar fjármagns og hagnýtingu matsins við þjónustu við þá einstaklinga sem um ræðir.

#### **B. Að greitt verði með börnum á grunni SIS mats barna.**

Af þeim börnum sem greitt er með í dag hafa 84% fengið SIS mat fyrir börn. Þar sem svo mikill fjöldi hefur fengið SIS mat mætti notast við matið í stað kostnaðarupplýsinga til að ákvarða framlög vegna

barna. Greiða mætti með þeim börnum sem í dag hafa ekki fengið SIS mat líkt og þau væru í 5. flokki og koma þar með í veg fyrir hvata til þess að halda þeim utan við SIS mat.

### **C. Útsvarstenging framlaga vegna fatlaðs fólks verði fjarlægð.**

Í dag byggja framlögin á þremur stoðum: jöfnun á grunni stuðningsþarfar (88%), framlög á grundvelli eigin útsvars (10,75%) og framlög vegna innviða (1,25%). Útsvarið kemur svo aftur inn til frádráttar þegar áætluð eiginfjármögnun svæða er dregin frá reiknaðri útgjaldaþörf þeirra. Nettó áhrifin eru tilfærsla framlaga frá svæðum með sterkari útsvarsstofn til svæða með veikari útsvarsstofn. Velta má upp þeirri spurningu hvort það sé æskilegt að almennt framlag vegna málefna fatlaðra sé með slíka jöfnunarvirkni, sérstaklega í samhengi við vinnu við nýtt líkan Jöfnunarsjóðs. Þá myndi slík breyting einfalda framsetningu framlagsins frá því sem nú er.

## **4. Málshöfðun Reykjavíkurborgar**

Starfsmaður Jöfnunarsjóðs upplýsti nefndina um stöðu mála varðandi málshöfðun Reykjavíkurborgar gegn íslenska ríkinu. Beiðin var um frestun á fyrirtöku dómsmálsins í október, en dómari hefur ekki staðfest beiðnina. Jöfnunarsjóður mun að öllum líkindum þurfa að skila inn gögnum með litlum fyrirvara á næstu dögum.

## **5. Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga**

### **Félagsbústaðir**

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Félagsbústaða hf., dags. 19. október 2022, þar sem óskað er eftir styrk úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs vegna kaupa á 6 starfsmannaíbúðum í búsetuþjónustu í fjölbýli fyrir fatlað fólk.

Samanlagt stofnverð þessara íbúða er 204.272.795 kr.

Sótt er um styrkinn á grundvelli e. liðar 2. greinar í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Sótt var um 18% stofnframlag án hlutdeildar Húsnæðis- og mannvirkjastofnunnar. Sé miðað við 18% væri framlag Fasteignasjóðs að fjárhæð 36.769.103 kr. Akraneskaupstað var þó veitt 22% stofnframlag án hlutdeildar Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar

vegna kaupa á starfsmannaíbúð. Á grundvelli jafnræðis og vegna sterkrar stöðu Fasteignasjóðs lagði starfsmaður Jöfnunarsjóðs til að Félagsbústöðum verði einnig veitt 22% stofnframlag. Sé miðað við 22% stofnframlag verði framlag Fasteignasjóðs að fjárhæð 44.940.014 kr.

*Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja að veita Félagsbústöðum hf. 22% framlag að fjárhæð 44.940.014 kr. vegna framkvæmdarinnar.*

### **Kópavogsbær – Kópavogsskóli**

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Kópavogsbæjar, dags. 27. október 2022, um framlag vegna úrbóta á aðgengismálum í Kópavogsskóla.

Umrædd framkvæmd snýr að því að nýlega var sett upp rennihurð við elsta inngang Kópavogsskóla. Inn af rennihurðinni er gömul tvöföld hurð og hefur gönguhurðin staðið opin á segli. Umferðamál gönguhurðar er einungis 760mm og hafa því verið settar upp rafmagnshurðapumpur með náandarskynjurum. Þessi framkvæmd mun bæta aðgengi fatlaðra nemenda um þennan inngang skólans. Heildarkostnaður framkvæmdarinnar var 598.935 kr.

Framlög vegna úrbóta á aðgengismálum eru veitt á grundvelli 3. gr. reglna 280/2021. Þar er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag vegna þessarar framkvæmdar nema 229.468 kr.

*Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja að veita Kópavogsbæ framlag að fjárhæð 229.468 kr. vegna framkvæmdarinnar.*

### **Kópavogsbær – Salaskóli**

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Kópavogsbæjar, dags. 27. október 2022, um framlag vegna úrbóta á aðgengismálum í Salaskóla.

Umrædd framkvæmd snýr að endurnýjun inngangshurðar yngsta stigs og hurðin búin rafmangsupnara tengdum við hurðarofa, utan sem innan. Þessi framkvæmd mun bæta aðgengi fatlaðra nemenda um þennan inngang skólans. Heildarkostnaður framkvæmdarinnar var 448.149 kr.

Framlög vegna úrbóta á aðgengismálum eru veitt á grundvelli 3. gr. reglna 280/2021. Þar er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag vegna þessarar framkvæmdar nema 224.075 kr.

*Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja að veita Kópavogsbæ framlag að fjárhæð 224.075 kr. vegna framkvæmdarinnar.*

### **Áframhaldandi stuðningur vegna aðgengismála**

Nefndin tók til umfjöllunar hvort halda ætti áfram stuðningi vegna aðgengismála, en af þeim sjóði sem eyrnamerkur er aðgengismálum hefur aðeins um fjórðungur verið nýttur. Það eru því um 276 m.kr. sem eftir standa í pottinum, og því er ekki endilega nauðsynlegt að veita meira fjármagni í þetta verkefni enn sem komið er.

Starfsmaður Jöfnunarsjóðs mun leggja tillögu fyrir nefndina á næsta fundi.

### **6. Starfshópur um endurskoðun regluverks Jöfnunarsjóðs**

Ráðherra hefur leyst tekjustofnanefnd upp.

Óskað hefur verið eftir því að undirhópur tekjustofnanefndarinnar um endurskoðun regluverks Jöfnunarsjóðs verði endurskipuð og sú vinna kláruð, svo hægt sé að innleiða nýtt líkan Jöfnunarsjóðs.

### **7. Önnur mál**

#### **Málefni Bjargs íbúðafélags**

Bjarg íbúðafélag er stutt í fjárhagslegum vandræðum.

Nefndin ræddi hvort veita ætti Bjargi framlag vegna þessa.

Starfsmaður mun leggja fram minnisblað á næsta fundi.

**Kveðjuhóf ráðgjafarnefndar**

Kveðjuhóf ráðgjafarnefndar verður haldið 30. nóvember kl. 19:00.

Ekki var meira tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:45.

---

Guðný Sverrisdóttir

---

Ásta Stefánsdóttir

---

Karen E. Halldórsdóttir

---

Birgir Björn Sigurjónsson

---

Margrét Þórarinsdóttir

---

Stefán Vagn Stefánsson